

**Nd.**

**737. Frumvarp til laga**

**[179. mál]**

um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

**1. gr.**

Á tollskránni í 1. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

	Toll- eining	Vöru- magns- tollur Aurar	Verð- tollur %
1. Nr. 6 í 25. kafla orðist svo: 6 — annað .....	1 kg	1	2
2. Orðin „svo og hexan“ í nr. 60a í 28. kafla falla niður.			
3. Á eftir nr. 60b í 28. kafla kemur nýtt nr., svo hljóðandi: 60c Hexan .....	—	2	
4. Nr. 4 í 54. kafla orðist svo: 4 — úr vefnaði, flóka, sefi, strái ót. a., einnig þótt hann sé með leðursólum, gúmmísólum eða sólum úr öðrum efnum, þar með taldir strigaskór og inniskór, enda sé minna en 50% af þunga skófatnaðarins kátsjúk ....	—	20	40

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi, og er jafnframt úr gildi felldur 8. töluliður 1. gr. laga nr. 49 frá 1950, um breyting á lögum nr. 62 frá 1939, og 12. liður laga nr. 108 frá 1951, um breyting á sömu lögum.